

Sveitarfélagið Vesturbyggð, kt. 510694-2369, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði og Björgunarsveitin Blakkur, Patreksfirði gera með sér svohljóðandi

## SAMNING

### 1. gr.

#### Framlög og verkefni

Vesturbyggð staðfestir með samningi þessum að greiða til Björgunarsveitarinnar Blakks eftirtöld framlög:

Á árinu 2020	1.400.000 krónur
Á árinu 2021	1.400.000 krónur
Á árinu 2022	1.400.000 krónur

Greiðslur þessar skulu berast björgunarsveitinni í samræmi við innsendan reikning frá sveitinni árlega.

Eftirfarandi verkefni eru innifalin í greiðslum skv. samningi þessum um greiðslur til bjsv. Blakks:

- Björgunarsveitin Blakkur skal sjá um að flagga á fánastöngum Vesturbyggðar á Patreksfirði á opinberum fánadögum sem og á öðrum tilfallandi fánadögum, s.s. við jarðarfari, giftingar og fermingar. Vesturbyggð lætur bjsv. Blakk vita þegar um tilfallandi fánadaga er að ræða.
- Björgunarsveitin Blakkur sinnir gæslu á sjómannadaginn á Patreksfirði, á föstudags- og laugardagskvöld frá kl. 22:00 til kl. 06:00 og Bíldudals grænum baunum á Bíldudal á kvöldskemmtun á laugardagskvöldi.
- Vesturbyggð kaupir einn stóran neyðarkall af bjsv. Blakk ár hvert.
- Vesturbyggð veitir styrk í flugeldasölu bjsv. Blakks ár hvert.
- Bjsv. Blakkur sér um að hreinsa upp flugeldarusl á Patreksfirði eftir hver áramót.
- Bjsv. Blakkur heldur úti unglíngadeild fyrir unglíngi á aldrinum 13-18 ára.

### 2. gr.

#### Tilgangur

Vesturbyggð og björgunarsveitin Blakkur eru sammála um að markmið samnings þessa sé að efla tengsl þessara aðila í því skyni að almannavarna- og æskulýðsstarf verði áfram þróttmikið, íbúum sveitarfélagsins til heilla.

Samningur þessi tekur til samstarfs sveitarfélagsins og sveitarinnar.

### 3. gr.

#### Hlutverk Vesturbyggðar

Vesturbyggð viðurkennir þjónustuhlutverk og uppeldisgildi starfs sveitarinnar í æskulýðsmálum og almannavörnum og björgunarsveitin Blakkur hlutverk sitt og skyldur gagnvart íbúum í Vesturbyggð.

SK  
RH

Með samningi þessum tryggir Vesturbyggð að þau framlög sem það leggur fram í samningi þessum er í þágu björgunarsveitarinnar Blakks og nýtist sem best þegar kemur að öryggi íbúa sveitarfélagsins sem og þeim íbúum sem stunda þar félagsstarf sér til ánægju.

4. gr.

#### Hlutverk björgunarsveitarinnar Blakks

Með samningi þessum heitir björgunarsveitn Blakkur að kappkosta að tryggja öryggi íbúa sveitarfélagsins og að gera sem flestum íbúum kleift að stunda félagsstarf m.a. með því að veita þeim greiðan aðgang að sveitinni og því starfi sem fram fer á hennar vegum hverju sinni. Haga skal starfinu á þann veg að báðum kynjum, mismunandi aldurshópum og fötluðum verði gefið tækifæri til þátttöku.

5. gr.

#### Gildistími og staðfesting

Samningur þessi gildir til þriggja ára í senn og framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara. Aðilar geta óskað eftir því skriflega að samningurinn sé endurskoðaður og skal slík ósk lögð fram eigi síðar en 1. júní ár hvert.

Af samningi þessum eru gerð tvö eintök og heldur hvor aðili sínu eintaki. Framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín í viðurvist tveggja vitundarvotta að réttri dagsetningu, undirskrift og forræði.

Patreksfirði, 13. febrúar 2020

Fyrir hönd Björgunarsveitarinnar Blakks




Siggeir Guðnason, formaður

Fyrir hönd Vesturbyggðar


Rebekka Hilmarisdóttir, bæjarstjóri

Vottar:



Nafn



Nafn



Kennitala



Kennitala